

Mánudaginn 6. október 1997.

Nr. 400/1997.

**Ríkislögrelustjóri**

(Jón H. Snorrason saksóknari)

gegn

**Jóhanni Stefánssyni**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. september 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. október sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 10. október nk. kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til þess, sem greinir í hinum kærða úrskurði, verður fallist á, að rökstuddur grunur sé um, að varnaraðili hafi brotið gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55/1987. Í greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti kemur fram, að eftir sé að afla gagna erlendis vegna kaupa á mörgum þeirra bifreiða, sem um ræðir í málinu. Fyrir höndum séu skýrslutökur af varnaraðila og öðrum sakborningi með hliðsjón af umfangsmiklum gögnum um sakarefnið, sem hald hafi verið lagt á við húsleit. Misræmi sé í framburði þeirra, en hætta sé á, að þeir geti sammælt um framburð sinn, fari varnaraðili frjáls ferða sinna. Þá sé einnig eftir að taka vitnaskýrslur af þeim, sem keyptu bifreiðar af varnaraðila og hinum sakborningnum, og auk þess afla upplýsinga um greiðslur fyrir bifreiðarnar og ráðstöfun andvirðis þeirra. Samkvæmt þessu þykir nægilega rökstutt, að fullnægt sé skilyrðum a-

liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 1997.

Ár 1997, þriðjudaginn 30. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkislögreglustjóri hefur krafist þess, að Jóhanni Stefánssyni, kt. 060451-4199, með lögheimili í Frakklandi, en dvalarstað að Álfalandi 4, Reykjavík, verði með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 gert að sæta gæsluvarðhaldi til föstudagsins 10. október nk. kl. 16 vegna grunar um brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og tollalögum nr. 55/1987, einkum 126. gr.

Í greinargerð með kröfunni kemur fram, að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra vinni nú að rannsókn á innflutningi kærða og Ágústs Kristjánssonar, Öldugerði 13, Hvolsvelli, á bifreiðum frá Þýskalandi frá því í febrúar 1996. Bifreiðarnar hafi í flestum tilvikum verið fluttar inn og tollafgreiddar í nafni Ágústs eða einkahlutafélags kærðu, Frjáls markaðar. Telur ríkislögreglustjóri, að rökstuddur grunur sé um, að kærðu hafi lagt fyrir tollyfirvöld falsaða reikninga um kaupverð í því skyni að komast hjá greiðslu aðflutningsgjalda í samræmi við hina fölsuðu reikninga, þar sem kaupverð var verulega lægra en raunverulega var.

Upphaf málsins má rekja til kæru ríkistollstjóraembættisins til ríkislögreglustjóra vegna tollsvika á grundvelli reikninga, sem taldir eru falsaðir, en lagðir voru til grundvallar við tollafgreiðslu sautján bifreiða í nafni Ágústs Kristjánssonar í febrúar til maí 1996. Meðal kærugagna eru afrit reikninga, sem þýsk tollyfirvöld hafa aflað úr bókhaldi seljenda í Þýskalandi. Samkvæmt þeim gögnum er kaupandi í Þýskalandi kærði Jóhann, er samkvæmt þeim reikningum, sem lagðir voru fram hjá tollyfirvöldum á Íslandi, er kaupandi í sömu tilvikum framangreindur Ágúst og kaupverð tilgreint mun lægra. Reiknast ríkistollstjóraembættinu svo til, að kærðu hafi með þessum hætti komist hjá að greiða 12.053.025 kr. í aðflutningsgjöld af sautján bifreiðum.

Við athugun á reikningum, sem lagðir hafa verið fram að undanfögnu vegna tollafgreiðslu bifreiða í nafni Frjáls markaðar ehf., hefur komið í ljós, að reikningar vegna ýmissa tilvika bera sama reikningsnúmer. Alls hafa 26

bifreiðar verið fluttar inn að undanfögnu og tollafgreiddar í nafni Frjáls markaðar ehf.

Í morgun var gerð leit á heimili kærða Ágústs að Öldugerði 13 og í starfsstöð hans að Ormsvelli 7, hvort tveggja á Hvolsvelli, og starfsstöð Frjáls markaðar ehf. að Ármúla 29, Reykjavík. Lagt var hald á mikið magn skjala og gagna um ofangreinda starfsemi. Meðal þess, sem fannst, voru reikningar, er bera með sér að vera frumrit, vegna kaupa á bifreiðum í Þýskalandi í tilvikum, þar sem aðrir reikningar, að öllu leyti eins nema um kaupverð, hafa verið lagðir fram hjá tollyfirvöldum hér á landi. Þá fundust einnig skjöl, drög eða fullgerð, sem bera með sér að vera gerð eftir réttum skjölum, svo og tilbúin reikningseyðublöð seljenda í Þýskalandi. Einnig hafa fundist gögn frá hinum þýsku seljendum, sem benda til þess, að söluverð bifreiða hefi verið mun hærra en fram kemur á þeim reikningum, er lagðir voru fram af kærðu í nafni Frjáls markaðar ehf. við tollafgreiðslu hér á landi.

Kærði hefur við yfirheyrslur játað að hafa útbúið nýja reikninga vegna þeirra bifreiða, sem hann stóð að innflutningi á, og að hafa á þeim reikningum í flestum tilvikum tilgreint kaupverð lægra en það var í raun. Jafnframt hefur hann gert grein fyrir innflutningi í nafni Ágústs Kristjánssonar og einkahlutafélags þeirra, Frjáls markaðar.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og umfang þess er mikið. Af gögnum málsins er ljóst, að þáttur kærða í málinu er sýnu mestur og að fram þurfa að fara ýtarlegar yfirheyrslur yfir honum og öðrum þeim, er tengjast kunna málinu, en þegar liggur fyrir, að ósamræmis gæti í framburði kærða og Ágústs Kristjánssonar.

Samkvæmt framansögðu og þegar rannsóknargögn málsins eru virt, er rökstuddur grunur uppi um, að kærði eigi aðild að málinu með sagnæmum hætti, og verður að telja hættu á, að hann kunni að spilla sakargögnum, fari hann frjáls ferða sinna. Kann brot það, sem hér er til rannsóknar, að varða kærða fangelsisrefsingu samkvæmt 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi, eins og krafist er og nánar greinir í úrskurðarorði.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Jóhann Stefánsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 10. október nk. kl. 16.